



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** STÆR2AH06L og STÆR2AH07Ó veturinn 2022-2023.

**Kennarar:** Bjarni Gunnarsson, Helgi Freyr Ásgeirsson, Kári Sigurðsson, Mars Proppé, Sóley Benediktsdóttir, Trausti Þorgeirsson.

**Kennslugögn:** Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti og Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti.

**Bekkir:** 4.C, 4.D, 4.E, 4.F, 4.G, 4.H, 4.I, 4.J.

## Lýsing:

Inngangur að mengjum og rökfræði. Bókstafareikningur, jöfnu- og ójöfnureikningur og hnitakerfi. Margliður og eiginleikar þeirra. Annars stigs margliður og fleygbogar. Vigrar.

## Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

### Haustmisseri:

- Vika 1-4: Mengi, yrðingar og reiknireglur rauntalna (greinar 1.1-1.2 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 5-10: Röðun rauntalna, talnalínan, jöfnur og ójöfnur (greinar 1.3-1.5 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 11-15: Tölugildi og annars stigs margliður (grein 1.6 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta og grein 1.1 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrauta seinni hluta).

### Vormisseri:

- Vika 1-4: Margliður, margliðujöfnur og -ójöfnur (greinar 1.2 og 1.3 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluta).
- Vika 5-12: Vigrar, innfeldi og ákveða, línuleg jöfnuhneppi og liðun vigra (greinar 2.1-2.4 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).
- Vika 13-15: Jafna línu, fjarlægð punkts frá línu og jafna hrings (kaflar 3.1-3.2 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluta).

## Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum misserisprófum.

### • Námseinkunnir:

- Lesin stærðfræði:
  - Skriflegar æfingar í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
  - Skriflegar æfingar í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
  - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.



## Menntaskólinn í Reykjavík

- Ólesin stærðfræði:
  - Skriflegar æfingar í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
  - Skriflegar æfingar í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
  - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur. Annað úr lesinni og hitt úr ólesinni stærðfræði.
- **Vorpróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur. Annað úr lesinni og hitt úr ólesinni stærðfræði.